

Bæjarráð Árborgar 5. desember 2019

### Skipurit Mannvirkja- og umhverfissviðs 2019

Eftir að nýtt skipurit fyrir mannvirkja- og umhverfissvið var samþykkt í bæjarstjórn í lok febrúar kom fram hjá starfsfólki á sviðinu að betra samráð hefði þurft að hafa um útfærslu skipuritsins. Vegna þess trúnaðar sem var yfir tillögum Haraldar L. Haraldssonar var haft takmarkað samráð en þó eins og hægt var. Meðal annars var haft samráð við sviðsstjóra framvæmda- og veitusviðs sem ráðfærði sig við sína lykilstjórnendur.

Ljóst var að samskiptum við lykilstjórnendur á nýju mannvirkja- og umhverfissviði að þau töldu þá tillögu sem samþykkt var í bæjarstjórn ekki nægilega útfærða og voru í framhaldinu haldnir nokkuð margir fundir og ítarleg tölvupóstsamskipti þar sem leitast var við að samræma samþykkt bæjarstjórnar og útfærslu sem lykilstjórnendur á sviðinu töldu ásættanlega. Í þessu samráði var m.a. horft til nýrrar stöðu verkefnisstjóra sem ekki hafði enn verið ráðið í og skoðað hvernig því hlutverki væri best komið í skipuritinu. Niðurstaðan varð að lokum sú að sérstök framkvæmda- og tæknideild yrði starfrækt á sviðinu og yrði hún öðrum deildum sviðsins stoðdeild. Staða deildarstjóra framkvæmda- og tæknideildar var í framhaldi þess boðin og skipuð þáverandi deildarstjóra framkvæmda og þjónustu. Einnig var ákveðið að ný staða verkefnisstjóra myndi heyra undir þessa deild. Til viðbótar við þessar breytingar hafa önnur heiti verið notuð í skipurit, þ.e Selfossveitur í stað Veitur og Þjónustumiðstöð í stað Umhverfisdeildar.

Virðingarfyllst,

---

Gísli Halldór Halldórsson  
Bæjarstjóri